

## GJALDSKRÁ

### vegna hundahalds í Akureyrarkaupstað.

1. gr.

*Skráningargjald hunda.*

Við skráningu hunds skal greiða skráningargjald kr. 8.700.

2. gr.

*Eftirlitsgjald hunda.*

Árlega skal greiða eftirlitsgjald vegna hunds kr. 10.000.

3. gr.

*Undanþága vegna björgunarsveitar- og hjálparhunda.*

Björgunarsveitar- og hjálparhundur eru undanþegnir eftirlitsgjaldi, en eru eftir sem áður skráningarskyldir.

4. gr.

Gjald vegna handsömunar hunds greiðist við afhendingu kr. 22.000.

Að auki skal greiða daggjald kr. 2.500, fyrir hvern heilan dag, fyrir þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds, þ.m.t. útkall dýraeftirlitsmanns, fóðrun og auglýsingar.

Óskráða hunda má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu.

5. gr.

*Afsláttur af eftirlitsgjaldi.*

Heimilt er að veita þeim hundaeigendum, sem sótt hafa námskeið viðurkennds hundapjálfara 50% afslátt af eftirlitsgjaldi, í eitt skipti fyrir hvern hund.

Gjaldskrá þessi er sett með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald á Akureyri og ákvæða 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur niður gjaldskrá nr. 1314/2015.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, 13. desember 2016.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 9. janúar 2017,*

**Guðríður Friðriksdóttir,**  
sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs.